

2019

Geo-skóli Kötlu Jarðvangs - Hvolsskóli



Hörður Bjarni Harðarson
Katla UNESCO Global Geopark
11/01/2020

Nafn skóla: Hvolsskóli – Hvolsvelli.

Nafn verkefnisins: Geóskóli Kötlu jarðvangs.

Nafn verkefnisstjóra: Hörður Bjarni Harðarson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 4 – 2018

Markmið verkefnisins var að bæta í bæði verklega- og útikennslu innan skólans ásamt því að styrkja enn fremur vettvangsskoðanir og sambærilegar ferðir. Áherslur á gildi UNESCO voru hátt höfð í vinnslu og þróun verkefnisins þar sem stefnt var að því að auka við vettvangsferðir á vegum skólans, auka þekkingu kennara til frekari kennslu smkv. stefnuskrá Geo-skóla Kötlu jarðvangs og auka þekkingu nemenda á sínu nærsvæði. Á það við um náttúru, jarðfræði, þjónustu, atvinnustarfsemi, sögu, samfélag í heild sem og einstaklinga og frumkvöðlastarfsemi svo eitthvað sé nefnt.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði voru ýmsar. Skoðað var að útbúa snjallforrit í upphafi verkefnis, eða „Geóskóla app“ með upplýsingum um jarðvanginn, gönguleiðir og ýmsa möguleika í gagnvirkni, s.s. ratleiki, búa til gönguleiðir og skapa verkefni til lengri tíma í áframhaldandi þróun forritsins.

Sérfræðingur í útikennslu var fenginn inn og skoðaðar leiðir til að færa kennurum aukna þekkingu og kunnáttu í aðferðum til útikennslu.

Vettvangsferðir voru áberandi í verkefninu. Nemendur heimsóttu fjölbreytta náttúru svæðisins, fengu fræðslu hjá fyrirtækjum og stofnunum ásamt því að fara í fjallgöngur á völdum stöðum innan okkar svæðis.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins voru nokkuð miklar. Vegna erfiðrar verkefnastöðu og samhliða fækkunar á starfsfólki jarðvangsins komu strax upp tafir í upphafi vinnunar. Tengiliður og verkefnastjóri Geo-skóla verkefnisins innan Hvolsskóla féll einnig frá vinnu vegna veikinda um það leiti sem styrkurinn var að ganga í garð. Of hár kostnaður á gerð snjallforrits fyrir skólann olli þónokkrum töfum ásamt því að missa út sérfræðing sem fenginn var inn þegar lagt var upp með að þróa frekar útikennsluáferðir og kunnáttu á meðal kennara skólans.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.

Taka þurfti tvær stefnubreytingar sökum hindrana sem upp komu. Í upphafi var lagt í að skoða þróun á „Geóskóla appi“ eða sjallforriti fyrir síma. Með það verkfæri í höndunum mætti auðvelda nemendum verulega aðgengi að upplýsingum og fræðslu, og jafnframt hvetja þau til meiri útiveru í formi ratleikja og merktra gönguleiða, innanþæjar sem og utan. Eftir talsverða skipulagningu og samtöl við Locatify – hugbúnaðarfyrirtæki, var komist að þeirri niðurstöðu að um of mikinn kostnað var að ræða til að ná settu markmiði í virkni forritsins.

Í framhaldi af því var fenginn aðili með sérkunnáttu inn, Guðmundur Arngrímsson, sérfræðingur í útikennslu. Lagt var upp með að nýta hluta styrksins í námskeið fyrir kennara og auka þeirra kunnáttu og þekkingu er kemur að útikennsluáferðum. Óljóst var hvort sprotastyrkinn mætti nýta í þesskonar verkefni, þó tengingin við sett markmið þess væri bein. Lagt var af stað í þetta verkefni með hliðsjón að þurfa að standa kostnað af námskeiðinu sjálf. Vegna óviðráðanlegra ástæðna varð ekkert úr þessu þegar vel var á veg komið og þar við sat.

Þróun og hönnun á vegum nemenda á fræðsluefni í formi skilta og/eða bæklinga og plakata voru á dagskrá innan verkefnisins frá upphafi. Þar sem ákveðið var að bíða með þann hluta þar til í seinni helming framvindunnar gafst á endanum ekki tími í þann hluta sökum þeirra tafa sem raun ber vitni.

Átti það að miða að auðlindum nærsvæðis skólans í formi náttúru, mannauðs, sögulegra staða og áhugaverðra staðreynda um sveitarfélagið í heild.

Í gegnum verkefnið var stöðugt staðið að vettvangsferðum víðsvegar um jarðvanginn sem og utan hans. Á endanum var sú ákvörðun tekin að einbeita sér alfarið að vettvangsferðum og fullnýta styrkinn með þeim hætti. Gekk það einstaklega vel í gegnum allt tímabilið og gafst þannig tækifæri til að bæta við ferðum og nýta hin ýmsu færi sem annars hefðu ekki náðst.

Helsti beini ávinningurinn sem hlaut vegna vinnu verkefnisins var í formi aukinnar framlegðar á vettvangsferðum á vegum skólans. Bætt var við í fjölda ferða og hægt var að fara lengri vegalengdir en áður var möguleiki á. Mikil ánægja meðal starfsfólks og nemenda var greinileg í kjölfar þess.

Vegna þeirra hindrana og tafa í vinnslu verkefnisins, kom á endanum upp sú hugmynd að hefja kennslu á valáfanga á vegum jarðvangsins til að mæta því sem forgörðum fór. Kennsla hófst á haustönn 2019 og stunda núna 12 nemendur frá 8.-10. bekk áfangann.

Aukinn áhugi á Geo-skóla verkefninu skapaðist meðal hinna tveggja grunnskólanna á svæðinu við framkvæmd sprotaverkefnisins, þá sérstaklega vegna vettvangsferðar sem farin var í tilefni Köturlaraðstefnunnar sem haldin var í Vík, 12.-13. október 2018. Heill morgun var tekin frá ráðstefnudeginum þar sem Veðurstofan, Jarðfræðafélag HÍ og Almannaávirir ásamt Kötlu jarðvangi sendu fulltrúa til að halda fræðslu á skilgreindum stöðvum sem settar voru upp í grunnskólanum í Vík. Mættu allir skólar svæðisins með nemendum á elsta stigi.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hafði góð áhrif á skólastarfið í heild á þeim forsendum að áhugi meðal nemenda er sýnilega að aukast ásamt greinilega auknu áreiti frá nærsamfélagi varðandi upplýsingar um starfið í skólunum. Geo-skóla verkefnið hefur verið í gangi í nokkurn tíma, en í kjölfar sprotastyrksins og útkomuna hefur starfið stórlega bæst og samstarf eflst til muna við Hvolsskóla.

Niðurstöður verkefnisins

Megin niðurstöður verkefnisins voru þær vettvangsferðir sem farið var í yfir tímabilið sem verkefnið stóð. Umbeðinn tímafrestur á skilum lokaskýrslu nýttist vel til skipulagningar og framkvæmdar á frekari ferðum á vegum skólans. Farið var með nemendum frá öllum aldursstigum í valdar ferðir; til náttúruupplifunar, í fræðsluferðir, göngur, ásamt heimsóknum til spennandi og áhugaverðra fyrirtækja og stofnana.

2018 haust

- 9. bekkur, ferð til Þórsmerkur
- 8. bekkur, ferð á Snæfellsnes
- 5.-7. bekkur, Hellar, Rangárþing Ytra
- 4. bekkur, ferð til Vestmannaeyja
- 1.-3. bekkur, Eyjafjöll
- 5.-7. bekkur, ganga á Hrútkoll við Háamúla
- 2.-4. bekkur, ganga á Háamúla
- 8.-10. bekkur, Köturlaraðstefna í Vík
- 1. bekkur, ganga á Litla-Dímon

2018 vor

- 9. bekkur, ferð til Þórsmerkur
- 8. bekkur, ferð á Snæfellsnes
- 4. bekkur, ferð til Vestmannaeyja
- 5.-7. bekkur, Stokkseyri
- 1.-3. bekkur, Reykjavík
- 7. bekkur, mælingar á sólheimajökli

2019 haust

- 8.-10. bekkur, ganga á Drangshlíðartind
- 2.-4. bekkur, ganga á Lambafell í Eyjafjöllum
- 5.-7. bekkur, ganga á Fagrafell
- 1. bekkur, ganga á Stóra-Dímon

Hluti markmiða sem lagt var upp með skv. umsókn náðist í formi aukningar á fjölda vettvangsferða og meðfylgjandi fræðslu. Sá hluti verkefnisins gekk vonum framar og mikil ánægja meðal nemenda. Geo-skóla verkefnið er áframhaldandi verkefni á vegum jarðvangsins. Kærkomin reynsla skapaðist við framkvæmd verkefnisins og samvinnunni við Hvolsskóla ásamt því að aukinn áhugi myndaðist á samstarfi milli skólanna þriggja innan jarðvangsins. Verkefnið *Geo-skólar Kötlu jarðvangs* heldur ótrautt áfram þar sem unnið verður í átt að auka enn á fræðslu er varðar nærsvæði skólanna og þeim tækifærum sem felast í náttúru og samfélagi innan hvers sveitarfélags fyrir sig, og þar með jarðvanginum í heild.

Fullyrða má því að verkefnið haldi áfram og eflast til muna í kjölfar aðkomu sprotasjóðsins.

17/11/2020
Dagsetning: 
Undirskrift verkefnisstjóra 


Undirskrift skólustjóra Hvolsskóla 